

Dags. 28. maí 2009

Stjórnvaldssekt vegna brots á 126. og 127. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Þann 20. febrúar 2009 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að sekta Glitni banka hf. (Glitnir) vegna brots á 126. og 127. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.).

Þann 29. mars 2007 tilkynnti Glitnir Kauphöll Íslands um hlutabréfakaup Birnu Einarsdóttur í bankanum. Tilkynning var einnig send í samræmi við 126. og 127. gr. vvl. Um var að ræða kaup á 7.000.000 hlutum á genginu 26,4, samtals kr. 184.800.000. Bankinn hugðist veita lán fyrir kaupunum, gegn veði í bréfunum. Þegar Birna hugðist nýta atkvæðisrétt sinn á aðalfundi 20. febrúar 2008 kom í ljós að hún var ekki eigandi bréfanna. Fyrirnefnt lán var ekki veitt vegna villu í lánasamningi. Þar sem lánið var ekki veitt gátu víðskipti og eignartilfærsla ekki átt sér stað. Rannsókn Fjármálaeftirlitsins haustið 2008 leiddi í ljós að umrædd víðskipti gengu aldrei í gegn af ástæðum óviðkomandi Birnu og að umræddur kaupsamningur væri niður fallinn.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Glitnir hefði brotið gegn 126. og 127. gr. vvl. þar sem leiðrétt tilkynning var ekki send, þegar mátti vera ljóst að kaup Birnu Einarsdóttur á hlutum í Glitni hefðu ekki átt sér stað.

Samkvæmt 126. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs til Fjármálaeftirlitsins þegar fruminnherji á víðskipti með fjármálagerninga útgefandans. Samkvæmt 127. gr. vvl. ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um víðskipti stjórnenda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, til opinberrar birtingar.

Með vísan til alvarleika brots, tímalengdar, þeirrar fjárhæðar sem um var að ræða, stjórnvaldssekta í sambærilegum málum og 141. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 4.000.000.